

REGLUGERÐ

um starfskjör á póst- og símastöðvum.

1. gr.

Stöðvarstjórar, sem ekki fylgja ákvæðum í kjarasamningum opinberra starfsmanna, fá mánaðarþóknun vegna starfa við póst og síma á eftirtöldum stöðvum, sem hér segir, sbr. þó 3. gr.:

- kr. 50 363.00 **Póst- og símastöð:**
Borgarfjörður, Eiðar, Staðarhóll.
Símastöð:
Breiðamýri.
- 47 980.00 **Póst- og símastöð:**
Ásar í Gnúpverjahreppi, Eyrarkot, Fosshóll, Skarðshlíð, Skógar, Skútustaðir.
- 45 428.00 **Póst- og símastöð:**
Gerðar, Grenivík, Eyrarbakki, Hrísey, Minni-Borg, Súðavík, Tálknafjörður, Stokkseyri.
Símastöð:
Galtafell, Hvanneyri, Mælifell.
- 42 878.00 **Póst- og símastöð:**
Hallormsstaður, Vogar- Bakkafjörður, Bólstaðarhlíð, Fossvellir, Neðri-Brunná, Stóðmúli, Dranganes, Stóru-Akrar, Þykkvibær.
- 40 734.00 **Póst- og símastöð:**
Ásgarður í Dalasýslu, Kirkjuból í Nauteyrarhreppi, Staðarfell, Hjaltseyri, Varmahlíð í Rang., Finnbogastaðir.
Símastöð:
Ásgarður í Grímsnesi, Munkaþverá, Víðigerði, Arnarstapi í Mýras., Bægisá, Gaulverjabær, Hjarðarfell, Borgarkot.
- 39 019.00 **Póst- og símastöð:**
Seljaland, Skarð í Lundarreykjadalshr., Flaga, Bifröst, Fagurhólsmýri, Hólar, Lindarbrekka.
Símastöð:
Ás í A.-Hún., Eyrarland, Haganesvík, Hnauasar, Varmalækur, Villingaholt, Hjaltastaður, Furubrekka, Skálavík, Saurbær.
- 27 431.00 **Póststöð:**
Haganesvík, Laugar.
- 19 982.00 **Póst- og símastöð:**
Brekka í Mjóaf., Flatey á Breiðaf., Hafnir, Litli-Bakki.

Starfsþóknunin greiðist frá 1. janúar 1974 samkvæmt gildandi kaupgreiðsluvísitölu á hverjum tíma, og felur í sér greiðslu fyrir aðstoð vegna forfalla. Auk þess skal greiða orlofsfé samkvæmt orlofslögum.

Á þessum stöðvum má setja það sem skilyrði, að stöðvarstjóri sjái fyrir húsnæði, ljósi, hita og ræstingu, gegn hæfilegri greiðslu. Náist ekki samkomulag um greiðsluna, geta aðilar skotið málinu til næsta skattstjóra og síðan áfram til ríkisskattnefndar.

Ef viðskiptamagn stöðvar er meira en sem svarar fullu starfi eins manns, getur póst- og símamálastjórn ákveðið sérstaka greiðslu fyrir aðstoð.

2. gr.

Dóknun fyrir rekstur stöðvar, þar sem þjónustutími er 4 klst. á virkum dögum er, sem hér segir, sbr. þó 3. gr.:

1. Föst mánaðarþóknun kr. 10 000.00 fyrir stöðvar þar sem þjónustutími er 4 klst. á virkum dögum og hafa 10 símnötendur og fleiri, en kr. 8 000.00 fyrir stöðvar þar sem þjónustutími er 4 klst. á virkum dögum og hafa færri en 10 símnötendur.
2. Greiða skal kr. 13.00 fyrir hverja útfarna mínútu í símtölum og kr. 39.00 fyrir hvert útfarið símskeyti og eru þjónustusímtöl, þjónustuskeyti og veðurskeyti þá ekki meðtalin.

Við ofanefnda heildarþóknun, sem greiðist frá 1. janúar 1974 samkv. gildandi kaupgreiðsluvísitölu á hverjum tíma, bætist orlofsfé, samkvæmt orlofslögum. Í þóknuninni er innifalin greiðsla fyrir húsnæði, ljós, hita og ræstingu, svo og forföll.

3. gr.

Dóknun samkvæmt 1. og 2. gr. skal hækka samsvarandi þeim grunnkaupshækkunum er verða hjá opinberum starfsmönnum.

Greiða skal verðlagsuppbót á alla þóknun samkvæmt reglugerð þessari eftir kaupgreiðsluvísitölu er kauplagsnefnd reiknar. Við setningu reglugerðarinnar er miðað við kaupgreiðsluvísitölu 159.16 stig.

4. gr.

Póst- og símamálastjórnin setur nánari ákvæði um rekstur ofanefndra stöðva, eftir því sem nauðsynlegt þykir.

5. gr.

Reglugerð þessa skal endurskoða annað hvort ár.

Verði verulegar breytingar á starfsskilyrðum einhverra nefndra stöðva eða um aðrar svipaðar stöðvar verði að ræða, áður en næsta heildarendurskoðun reglugerðarinnar fer fram, ákveður Póst- og símamálastjórn til bráðabirgða fyrirkomulag og rekstrarþóknun slíkra stöðva.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 8. gr. laga nr. 8 9. janúar 1935, um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, til þess að öðlast þegar gildir og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin fyrri reglugerð, nr. 206 22. október 1971, um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 10. júlí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

AUGLÝSING

um friðland í Húsafellsskógi.

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa hluta Húsafellsskógar í Borgarfirði og er svæðið friðland.

Mörk friðlandsins eru þessi:

- (1) Með landamerkjagirðingu milli Húsafells II og III, frá hornstaur nálægt gömlu Kaldárbrú og eins og hún liggur austan þjóðveggar að þjóðvegi við Fjánhól.
- (2) Síðan með nýgirðingu sunnan þjóðveggar meðfram Geitá að afréttargirðingu á móts við Hlíðartún, (3) og áfram suður að Hlíðartúni. (4) Þá til vesturs með